



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ÚTFLUTNINGSVERÐLAUN OG HEIÐURSVIÐURKENNING

Útflutningsverðlaun forseta Íslands verða afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í dag, föstudaginn 15. maí, kl. 16:00. Einnig verður afhent sérstök heiðursviðurkenning til einstaklings sem aukið hefur hróður Íslands á erlendri grundu.

Vilborg Einarsdóttir formaður úthlutunarnefndar tilkynnir hvaða fyrirtæki hlýtur verðlaunin og forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson afhendir þau. Þá verður afhjúpað listaverk sem verðlaununum fylgir. Höfundur verksins er Dagný Magnúsdóttir glerlistakona. Forseti Íslands afhendir einnig heiðursviðurkenningu til einstaklings.

Í dómnefnd vegna verðlaunanna sátu að þessu sinni Hreggviður Jónsson frá Viðskiptaráði, Runólfur Smári Steinþórsson frá Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, Vilborg Einarsdóttir stjórnarformaður Íslandsstofu, Þórunn Sveinbjörnsdóttir frá Alþýðusambandi Íslands og Örnólfur Thorsson frá embætti forseta Íslands.

Fulltrúum fjölmiðla er boðið að vera viðstaddir verðlaunaveitinguna.

15. maí 2015

Nánari upplýsingar veita Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og Brynja Bjarkadóttir (849 8425) hjá Íslandsstofu.